



Stjórn SSH 389. fundur

Mánudaginn 6. maí 2013 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn og varamenn sátu fundinn: Gunnar Einarsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Haraldur Sverrisson, Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, Dagur B. Eggertsson, og Ármann Kr. Ólafsson.

Guðný Ívarsdóttir boðaði forföll.

Hrafnkell Á Proppé, svæðisskipulagsstjóri SSH sat einnig fundinn.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Málefni Sorpu bs.

Yfirferð yfir meginforsendur sem liggja að baki undirbúnings Sorpu bs. að byggingu gasgerðarstöðvar til meðhöndlunar á lífrænum úrgangi

Á fundinn mætti Björn H. Halldórsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. og fór yfir helstu efnispætti máls frá gerð og samþykkt Svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2005 og fram til dagsins í dag.

2. Skíðasvæðin – framkvæmdaáætlun 2013

Framhald umræðu frá síðasta stjórnarfundum.

Fyrir lá tillaga stjórnar skíðasvæðanna frá 3. apríl sl. þar sem gert er ráð fyrir 50 m. króna framlagi til stofnframkvæmda vegna skíðasvæðanna á þessu ári.

Umræður

Niðurstaða:

Stjórn SSH leggur til að á árinu 2013 verði varið 25 m. króna til stofnframkvæmda vegna skíðasvæðanna. Þar af verði 10 m. króna varið til innborgunar vegna kaupa á nýjum snjótroðara sem kæmi til afhendingar og fullnaðargreiðslu á árinu 2014.

Stjórn SSH áréttar að viðhöfð verði betri vinnubrögð við undirbúning rekstrar- og framkvæmdaáætlunar fyrir skíðasvæðin vegna ársins 2014, og tryggt að áætlanir skíðasvæðanna berist aðildarsveitarfélögunum tímanlega vegna þeirra tímamarka sem sveitarfélögunum eru sett um framlagningu fjárhagsáætlana þeirra.

3. Eigendavettvangur SORPU bs. og Strætó bs.

Upplýst var að fyrir lægi afgreiðsla og samþykkt allra aðildarsveitarfélaganna nema Reykjavíkur á tillögu að eigendastefnu fyrir byggðasamlögin. Gert er ráð fyrir að afgreiðsla Reykjavíkurborgar liggi fyrir í þessari viku.

4. Önnur mál.

- a) **Erindi Kópavogsbæjar – tillaga að skoðun á mögulegri endurvinnslu skólps frá skólphreinsistöðvum á höfuðborgarsvæðinu.**

Samþykkt að óska eftir greinargerð frá framkvæmdastjóra Sorpu bs. vegna málsins.

- b) **Lögð fram til kynningar stefnumótun, skipurit og aðgerðaáætlun stjórnar SASS fyrir 2013.**

Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að undirbúa tillögu að starfsáætlun fyrir SSH vegna ársins 2014 og að sett verði fram stefnumótun fyrir starfsemi SSH við upphaf nýs kjörtímabils eftir komandi sveitarstjórnarkosningar.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 13: 50